

## Xyladecor Ontgrijzer

### Harðviðarhreinsir

#### Efnislýsing

Xyladecor harðviðarhreinsir er hraðvirkt og lyktarlítið hreinsihlaup sem fjarlægir gráma, óhreinindi og gamla olíu af við og nær fram upprunalegum lit viðarins. Efnið er auðvelt í notkun og hlaupáferðin veldur því að þægilegt er að afmarka það, t.d. helst það betur á lóðréttum flötum.

Xyladecor harðviðarhreinsirinn er upplagður á sólpalla, útihúsgögn og annað tréverk utanhúss, sérstaklega á harðvið, s.s. tekk. Eftir hreinsun er viðurinn varinn á ný.



#### Meðhöndlun

1. Notið ekki við hitastig undir 5°C eða ef von er á rigningu áður en næst að ljúka verki. Gætið varúðar í nánd við gróður sem getur skaðast í snertingu við efnið. Skolið með miklu vatni ef efnið berst á gróður.
2. Ef viður er mjög illa farinn af gráma, óhreinindum og fullur af olíuleifum er skynsamlegt að forhreinsa hann fyrst með Tinova Wood Cleaner frá Nordsjö. Það er sterkur alkalískur hreinsir sem étur upp óhreinindalögin.
3. Berið Xyladecor harðviðarhreinsinn þykkt á rakan viðinn. Notið hanska. Látið efnið liggja á fletinum þar til hann hættir að lýsast eða í um 15 mínútur.
4. Hreinsið flötinn vandlega með vatni og hörðum svampi eða stífum kústi til að ná litnum á viðnum sem jöfnustum. Hægt er að nota léttan háprýstíþvott en með varúð svo viðurinn strikist síður eða ýfist upp. Ef gráminn er mjög mikill í viðnum og fer ekki alveg af má endurtaka meðferðina.
5. Látið yfirborðið þorna vel og berið á viðeigandi viðarvarnar-efni, t.d. Sikkens Cetol harðviðarolíu.

#### Heilsufars- og umhverfismál

Varist snertingu við húð og augu og notið viðeigandi hlífðarbúnað. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

#### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Tegund:** Súrt hreinsihlaup

**Þéttleiki:** 1,05 kg/l

**Þurrktími** við 20°C og 60% R.H.: Látið þorna í a.m.k. 4 klst. eftir hreinsun

**Verkfæri:** Penslar, rúllur, kústur, stífur svampur. Hreinsið með vatni strax að lokinni notkun

**Þekja:** Allt að 8 m<sup>2</sup>/l. Fer eftir vinnsluaðferð, ástandi og tegund viðarins

**Litur:** Glær

**Pakkningar:** 1 og 2,5 l dósir

**Geymsla:** Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C